

Nd.

362. Frumvarp til laga

[175. mál]

um sauðfjárbaðanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Sérhverjum þeim, er sauðfé eða geitfé hefur undir höndum, hvort heildur er eigin fé eða fóðrafé, er skylt að láta fram fara böðun á því til að útrýma kláða og öðrum óþrifum, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Honum er skylt að eiga, eða tryggja sér afnot af aðstöðu til böðunar, þannig að verkið geti gengið greiðlega, farið fram innanhúss og án þess að fénaður sæti óþörfu hnjaski, ennfremur að leggja til nægilegt vinnuafli til verksins og nægilegt magn þess baðlyfs, sem yfirvöld mæla fyrir um, að notað sé. Bresti á eitthvað af þessu að dómi baðstjóra, hlutast hann til um úrbætur á kostnað fjáreiganda.

2. gr.

Böðun skal fram fara annan hvorn vetur milli 1. nóv. og 31. marz, þó aldrei fyrr en lokið er haustslátrun og aldrei fyrr en fé er komið á hús, nema sérstakar aðstæður mæli með slíku að dómi eftirlitsmanns og yfirdýralæknir samþykki.

3. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, að fengnum umsóknum sýslunefnda, að veita undanþágu frá böðunarskyldu um ótiltekinn tíma í tilteknum fjárskiptahólfum og öðrum einangruðum svæðum, þar sem rækilega hefur verið framfylgt lögum og reglum um böðun, enda mæli yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknar með því, að undanþága sé veitt. Umsóknum sýslunefnda skulu fylgja vottorð héraðsráðunauta í sauðfjárrækt og gærumatsmanna og heilbrigðiseftirlitsmanna í sláturhúsum á svæðinu um, að þeir hafi ekki í starfi sínu orðið varir við kláða eða önnur óþrif í sauðfé og geitfé í hólfinu síðastliðin 3 ár eða lengur.

Verði vart óþrifa í fé á svæði, þar sem undanþágan gildir fellur hún þegar niður.

Ráðherra getur ennfremur veitt frest eða undanþágu frá böðun á einstökum búum, ef héraðsdýralæknir telur, að heilbrigði fjárins sé svo háttáð, að því stafi hætta af böðun um sinn, eða böðun geti valdið útbreiðslu smitsjúkdóma.

4. gr.

Fjáreigendum og öðrum, sem við hirðingu og gæslu sauðfjár starfa, er skylt að hafa vakandi auga á því, hvort sauðfé sé haldið fjárkláða, lús eða öðrum óþrifum.

Allir þeir, sem hafa með höndum heilbrigðisskoðun á sláturhúsum, skulu fylgjast vel með því, hvort óþrif leynast á sláturfé og hvaðan slíkt fé er upprunið. Skulu þeir halda skýrslur um það efni og tilkynna hlutaðeigandi héraðsdýralækni strax að lokinni sláturtíð.

5. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða grunur leikur á því, að kind sé kláðasjúk, skal sá, er þess verður var, tilkynna það héraðsdýralækni og hreppstjóra eða lögreglustjóra þegar í stað. Er skylt að halda rihnu sýkta eða grunaða fé í einangrun á ábyrgð og kostnað eiganda, unz dýralæknir hefur úrskurðað, hvort um fjárkláða sé að ræða. Reynist svo vera, skipar yfirdýralæknir fyrir um nauðsynlega böðun.

Verði fjárkláða eða annarra óþrifa á sauðfé og geitfé vart æ ofan í æ í einhverju fjárskiptahólf, þrátt fyrir að böðunarskyldu skv. almennum ákvæðum laga þessara sé fullnægt, er landbúnaðarráðherra rétt að fyrirskipa, að ráði yfirdýralæknis, sérstaka útrýmingarböðun í hólfinu eða á svo stóru svæði, sem þurfa þykir. Skal þá framkvæmd ýtarleg skoðun á fénaði, gengið úr skugga um fjárheimitur og varizt samgangi fjár með sérstökum ráðstöfunum, eftir því sem þurfa þykir, og hert á allri nákvæmni í vinnubrögðum við böðun hvernar einstakrar skepnu. Yfirdýralæknir getur hlutazt til um að ráðherra skipi sérstakan framkvæmdastjóra til að stýra allri framkvæmd slíkrar útrýmingarböðunar og tekur hann laun úr ríkissjóði.

6. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum í þeim umdæmum, þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti, sem þeir geta annast það eftirlit að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum, einn í hverju sýslufélagi eða bæjarfélagi að fengnum tillögum yfirdýralæknis og sýslunefnda eða bæjarstjórna.

Eftirlitsmenn skulu sjá um skipulagningu og undirbúning sauðfjárbaðana, hver í sínu umdæmi. Þeir skulu hlutast til um, að verðslanir hafi tiltæk næg baðlyf, annast skýrsluhald varðandi baðanir og setja baðstjórnnum reglur um framkvæmd sauðfjárbaðana, upplýsa þá um verkanir baðlyfja og annað, er máli skiptir í því sambandi.

Þeir ákveða í samráði við sveitarstjórn og baðstjóra hvenær innan þeirra tíamarka, er kveðið er á um í 2. gr., skuli baðað í hverjum hreppi. Skylt er að skipuleggja böðun þannig í hverjum hreppi, að henni verði alls staðar lokið á sem skemmstum tíma til að forðast hugsanlegan samgang baðaðs fjár og óbaðaðs. Nú heimtist fé eftir að böðun er almennt lokið, og skal þá sá, er finnur, láta baða það þegar í stað eða einangra það öðrum kosti og tilkynna eftirlitsmanni.

Þóknun fyrir störf eftirlitsmanna greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar. Kaup baðstjóra greiðist á sama hátt úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

7. gr.

Eftirlitsmenn skulu útnefna baðstjóra í samráði við hreppsnefndir. Skal einn eða fleiri baðstjórar starfa í hverjum hreppi eftir því, sem þörf krefur, svo hægt sé að framkvæma böðun í hreppnum á skömmum tíma. Í bæjum útnefna eftirlitsmenn baðstjóra í samráði við bæjarstjórnir.

Baðstjórar skulu skipuleggja sauðfjárbaðanir hver á sínu svæði, vera viðstaddir böðun, sjá um blöndun á baðlegi og hafa gát á því, að þeir, sem að böðun starfa, fylgi settum reglum og fylgjast vel með því, hvort óþrifa verði vart í fénu. Skulu baðstjórar leita fulltingis sýslumanns og hreppstjóra, vilji sauðfjáreigendur ekki fylgja settum reglum um böðun.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra fyrirskipar, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða tegund baðlyfja skuli nota við lögboðnar sauðfjárbaðanir.

Nú fyrirskipar landbúnaðarráðherra aukaböðun vegna þess að fjárkláða hefur orðið vart, sbr. 5. gr., og greiðir þá ríkissjóður andvirði baðlyfsins, eins og það kostar á næsta verzlunarstað, en fjáreigandi eða umráðamaður annan kostnað.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmda sauðfjárbaðana að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands.

Í slíkri reglugerð er heimilt að setja ákvæði um dagsektir, ef fjáreigandi hefur eigi án lögmatra forfalla lokið böðun á fé sínu fyrir lögskilinn tíma, og skal þá baða sauðfé á kostnað eiganda þess.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum allt að jafnvirði 300 kg af 1. fl. dillkakjöti í næstliðinni sláturtíð, og renna þær í ríkissjóð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 23/1959 um sauðfjárbaðanir og lög um breytingu á lögum um sauðfjárbaðanir nr. 102/1970.

Greinargerð.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er samið af millipinganefnd Búnaðarþings vegna margra og ítrekaðra áskorana um breytingu á löggjöfnni um baðanir í þá átt að létta böðunarskylduna. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að þetta verði gert á þann hátt, að ráðherra verði heimilt að veita undanþágu í tilteknum hölfum, þar sem óþrif hafa ekki sézt á fé um árabíl. Þetta telur búfjárræktarnefnd spor í rétta átt og leggur til, að í frumvarpinu sé bætt ákvæðum um vottorðagjafir tiltekinnna obinberra og hálfopinberra starfsmanna til stuðnings umsóknum um undanþágu, en í frv. eru ákvæði óljós um rökstuðning þeirra.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir, að fyrirmæltar baðanir, þar sem ekki er hægt að veita undanþágu, verði árlega eða hálfu þéttar en eftir gildandi lögum. Á þetta vill búfjárræktarnefnd ekki fallast og telur, að það muni torvelda framkvæmd laganna, en litið gagna tilgangi þeirra og leggur til, að lögskipaðar baðanir verði áfram annað hvort ár eins og nú er. Enn er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að fé sé baðað, áður en það kemur á hús og gjöf, ef svo vill verkast. Það telur nefndin að bjóði heim hættunni á samgangi baðaðs fjár og óbaðaðs og leggur því til, að í frumvarpið komi atkvæði um, að ekki skuli baðað fyrir en fé hefur verið tekið, en með undanþágu-ákvæðum vegna sérstakra aðstæðna. Fellur þá um leið niður ákvæði um sérstakar smalanir til böðunar. Aðrar breytingartillögur nefndarinnar eru smávægilegri og einkum til að herað á orðalagi eða nema burt óverulega agnúa í uppsetningu frumvarpsins.

Búfjárræktarnefnd telur, að meginbreytingin, sem í frumvarpinu felst, undanþáguheimildin sbr. hér að framan, sé mikilvæg og réttlát lagabót og væntir þess jafnframt, að hún verði hin ríkasta hvatning fyrir fjáreigendur á þeim svæðum, sem ekki geta fyrst um sinn notið undanþágu frá böðunarskyldu, til þess að herða sóknina til að útrýma óþrifum af fénu. Muni þessi breyting því, ef að lögum verður, stuðla að því að þvo hvímléiðan sóðablett af fjárbúskapnum í landinu.